



Skipulags- og umhverfisnefnd - 07.05.2014

39. fundur

7. maí 2014, kl 9:00-12:00

Fundarstaður: Hótel Reyhlið

Fundarmenn:

Margrét Hólm Valsdóttir, form.

Eyrún Björnsdóttir

Birgir Steingrímsson

Karl Emil Sveinsson

Pétur Snæbjörnsson

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. *Geiteyjarströnd, deiliskipulag. Deiliskiplagslýsing og breyting á aðalskipulagi.*
2. *Stækkun Kröfluvirkjunar. Deiliskipulag*
3. *Deiliskipulag þéttbýlis Reykjahlíðar. Tillaga að deiliskipulagi.*
4. *Drekagil. Stofnun lóðar.*
5. *Björk í Mývatnssveit. Stofnun lóðar.*
6. *Litlaströnd. Stækkun á skógræktarsvæði.*

1. Geiteyjarströnd, deiliskipulag. Deiliskiplagslýsing og breyting á aðalskipulagi.

S20130202

Tekið fyrir að nýju erindi dags 29. október 2013 frá Agli Olgeirssyni á Mannviti ehf, f.h. landeiganda, þar sem lögð er fram tillaga að deiliskipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar deiliskipulagsgerðar á svæði sem skilgreint er í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 sem **352-O/V** opið svæði til sérstakra nota/verslunar- og þjónustusvæði. Einnig lög fram tillaga skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 til stækkunar á landnotkunarreit **325-O/V**. Tillagan er unnin af Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf.

Skipulags og umhverfisnefnd fjallaði um erindið á fundi sínum 11. nóvember 2013 og bókaði þá eftirfarandi:

Skipulags- og umhverfisnefnd vísar í fyrri bókun nefndarinnar á 31. fundi hennar 17. september s.l. þar sem ákveðið var að væntanlegt deiliskipulag myndi einnig ná yfir byggingaráform á íbúðarhúsi sem fyrirhugað er að reisa á jörðinni. Þar að auki telur nefndin að deiliskipulagið skuli einnig ná yfir núverandi íbúðarhús sem fyrirhugað er að breyta síðar í gistihús.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að lýsingin verði samþykkt þegar gerðar hafa verið breytingar á henni í samræmis við stækkun á landnotkunarreit 325-O/V og fyrri samþykktir nefndarinnar. Einnig er lögð áhersla á að gerð verði nákvæm grein fyrir nákvæmum hæðarsetningum á landi og byggingum og aðlögun þeirra að landi á væntanlegri tillögu að deiliskipulagi. Þá leggur nefndin til við sveitarstjórn að hún feli skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna lýsinguna svo breytta fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Einnig verði honum falið að annast málsmeðferð vegna tillögu að óverulegri breytingu á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar stækkun á landnotkunarreit **325-O/V**.

Vegna breyttra forsendna og athugasemda frá Umhverfisstofnun var málsmeðferð vegna breytinga á aðalskipulagi frestað þar til nánari forsendur deiliskipulagsins lægju fyrir.

Í upphafi fundar var farið í vettvangsferð í Geiteyjarströnd og kannaðar landfræðilegar aðstæður út frá fyrirliggjandi drögum að deiliskipulagi.

Skipulags- og umhverfisnefnd lýsir sig sammála þeim sjónarmiðum fulltrúa landeigenda sem fram komu í viðræðum hans við nefndina. Er þar helst að nefna aðlögun og staðsetningu bygginga í landslaginu og legu aðkomustíga að gistiskálum. Nefndin vill þó ítreka fyrri samþykktir sínar um mikilvægi þess að byggingar og aðkomustígar verði aðlagð að landslaginu á haganlegan hátt og auk þess verði sett ákvæði um viðmiðunar-gólfkóta og hámarks mænishæð inn í deiliskipulagsskilmála.

2. Stækkun Kröfluvirkjunar. Deiliskipulag

S20120601

Tekið fyrir að nýju bréf frá Skipulagsstofnun dags 29. apríl 2014 þar sem stofnunin gerir athugasemdir við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulags Kröfluvirkjunar í B-deild Stjórnartíðinda þar sem það uppfylli ekki kröfur sem gerðar eru til efnis, að hennar mati.

Hér á eftir fara athugasemdir Skipulagsstofnunar og viðbrögð Landsvirkjunar og skipulags- og umhverfisnefndar við þeim:

Umhverfismat deiliskipulagsins-11. kafli:

Í umhverfisskýrslu deiliskipulagsins er komist að þeirri niðurstöðu í kafla 11.4.1 um jarðhitakerfi og orkuforða að búast megi við að frekari raforkuvinnsla á svæðinu muni hafa óveruleg áhrif á jarðhitakerfið, en það mat sé hins vegar háð óvissu. Forsenda niðurstöðunnar er að við áframhaldandi vinnslu jarðhita á Kröflusvæðinu verði miðað að því að halda áfram sjálfbærri nýtingu. Í samantekt á niðurstöðum í umhverfisskýrslu kemur hins vegar fram að áhrifin séu metin óviss fremur en óveruleg.

Athugasemdir Skipulagsstofnunar

- Skipulagsstofnun gerir athugasemd við niðurstöðu um óveruleg áhrif á jarðhitakerfið. Í álitni Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Kröfluvirkjunar II, dags. 24. nóvember 2010 komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að veruleg óvissa ríkti um áhrif virkjunar á jarðhitaauðlindina þar sem ekki hefur reynst unnt að meta sjálfbæra vinnslugetu jarðhitakerfis Kröflu og að meiri líkur en minni væru á að þegar um er að ræða virkjun af þessi stærð, verði orkunýtingin ekki sjálfbær. Þrátt fyrir misræmi milli kafla 11.4.1 um jarðhitakerfið og niðurstöðukafla 11.6.2 telur Skipulagsstofnun að óviss áhrif á jarðhitakerfið hafi legið ljós fyrir við samþykkt deiliskipulagsins.

Viðbrögð skipulagsnefndar og Landsvirkjunar

Í umfjöllun um jarðhitakerfi og orkuforða segir í kafla 11.4.1.1.:

„Landsvirkjun stefnir að því að byggja upp frekari vinnslu jarðhita á Kröflusvæðinu í áföngum til að tryggja að unnið sé innan marka sjálfbærni (Guðni Axelsson o.fl., 2006). Í skýrslu ÍSOR, Jarðhitakerfið í Kröflu – Samantekt rannsókna á jarðhitakerfinu og endurskoðað hugmyndalíkan (Anette K. Mortensen o.fl., 2009), er farið yfir þróun reiknilíkana fyrir Kröflusvæðið. Það sem hefur valdið ákveðnu vandamálum við notkun reiknilíkana í Kröflu er vökvi með lágu pH-gildi, sem hefur kallað á vinnslutæknilegar lausnir. Nýtt reiknilíkan liggur ekki fyrir og er því ekki hægt að meta áhrif á stækkun Kröfluvirkjunar á jarðhita og orkuforða. Í samræmi við ábendingar frá Orkustofnun, sem fram komu þegar Landsvirkjun hafði samráð vegna frummatsskýrslu er gert ráð fyrir að fyrir liggja nýtt reiknilíkan byggt á núverandi hugmyndalíkani þegar sótt verður um virkjunarleyfi fyrir stækkun Kröfluvirkjunar. Ef framangreindar niðurstöður eru teknar saman má ætla að með áframhaldandi rannsóknum og aukinni hlutdeild djúplosunar í niðurdælingu affallsvatns á réttum stöðum megi lengja nýtingartíma jarðhitakerfisins í Kröflu og að nýting jarðhita verði sjálfbær til lengri tíma litið.“

Þá kemur fram í kafla 11.4.1.3 Niðurstæða:

“Við áframhaldandi vinnslu jarðhita á Kröflusvæðinu verður miðað að því að halda áfram sjálfbærri nýtingu. Ef vel tekst til í þeim efnum má búast við að frekari raforkuvinnsla á svæðinu muni hafa óveruleg áhrif á jarðhitakerfið. Þetta mat er hins vegar háð óvissu.”

Í svörum við athugasemdum

	<p>Umhverfisstofnunarinnar á þessum hluta skýrslunnar er tekið fram að endanleg stærð virkjunarinnar ræðst út frá niðurstöðum borana og frekari rannsóknum í samráði við Orkustofnun. Ef svæði sem á að bora á reynast ekki gjöful s.s. norðan Vítis verður reynt að koma því aftur í fyrra horf og í kafla um Heildaráhrif kafla 11.6.1 Samantekt umhverfisáhrifa segir:</p> <p>„11.6.1.1 Jarðhitakerfi og orkuforði: Við áframhaldandi vinnslu jarðhita á Kröflusvæðinu verður miðað að því að halda áfram sjálfbærri nýtingu. Ef vel tekst til í þeim efnum má búast við að frekari raforkuvinnsla á svæðinu muni hafa óveruleg áhrif á jarðhitakerfið. Þetta mat er þó háð óvissu.”</p> <p>Niðurstaða: Í umhverfisskýrslu 11.6.2 Niðurstaða umhverfismats deiliskipulagsáætlunarinnar: „Niðurstöðurnar eru ekki alveg í samræmi við það sem kemur fram í matsskýrslunni fyrir Kröfluvirkjun II. Helsti munurinn er að áhrif á jarðhitakerfi og orkuforða og hveralífverur eru metin óviss í stað óveruleg.”</p> <p>Tekið er undir að það er misræmi er í köflunum. Sækja þarf um virkunar- og nýtingaleyfi til Orkustofnunar. Leyfi eru ekki útgefin nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem Orkustofnun setur og eru í samræmi við lög og reglugerðir þar að lútandi. Við leyfisveitingu þá metur Orkustofnun hvort að nýting eigi sér stað á sjálfbæran hátt og setur inn skilyrði til að tryggja að ekki sé gengið of nærri auðlindinni.</p>
--	---

<p>Landslag og ásýnd Áhrif deiliskipulagsins eru metin talsvert neikvæð á landslagsheildirnar Kröflu, Sandbotnafjall og Sandbotnaskarð. Safnæðar frá borsvæðum norðan Vítis munu jafnframt hafa talsvert neikvæð áhrif á ásýnd frá útsýnisstað ferðamann á vesturbrún Vítis, sbr. kafla 11.4.2, 11.4.7 og kafla 11.4.2.4. Í deiliskipulaginu er gerð grein fyrir flatarmáli, rúmmáli og hámarkshæð bygginga, sbr. kafla 10.4.3 og 10.4.4 en að öðru leyti ekki settir skilmálar um byggingarnar. Ekki er gert ráð fyrir niðurgrofnum lögnum, nema brýna nauðsyn beri til svo sem til að þvera vegi. Reynt verði að leggja lagnir um þegar röskuð svæði og skoðaður möguleiki á gerð jarðvegsmana til að draga úr sýnileika þar sem það er talið æskilegt.</p>	
<p>Athugasemdir Skipulagsstofnunar</p>	<p>Viðbrögð skipulagsnefndar og Landsvirkjunar</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Í gildandi Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 eru sett markmið um að vegagerð að borteigum verði hagað þannig að vegstæði 	<p>Í umhverfisstjórnunarkerfi Landsvirkjunar eru sjónræn áhrif einn af mikilvægustu þáttunum. Landsvirkjun leitar stöðugt leiða til að útlit mannvirkja og landmótun verði sem</p>

nýtist sem lagnaleið og að vanda skuli til útlitshönnunar bygginga og allra mannvirkja, sbr. kafla 3.3.3 í svæðisskipulaginu. Með hliðsjón af markmiðum svæðisskipulagsins og neikvæðum áhrifum á landslag og ásýnd, þarf að setja skýrari skilmála í deiliskipulagið um útlit bygginga og mannvirkja.

- Skipulagsstofnun áréttar jafnframt niðurstöður stofnunarinnar í áliti um mat á umhverfisáhrifum Kröfluvirkjunar II um nauðsyn þess að grafa í jörðu safnæðar frá borsvæðum A og B norðan Vítis til að draga úr neikvæðum áhrifum á landslag.

vandaðast og aðlagð að hverju svæði fyrir sig. Hefðin er sú að nánar er kveðið á um útlit mannvirkja í hönnunarforsendum vegna útboðshönnunar sem á sér stað seinna í undirbúningsferlinu.

Skipulags- og umhverfisnefnd vill vekja athygli á stefnu sveitarstjórnar í greinargerð með Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 í kafla

4.1.3. Byggingarlist og mannvirkjagerð en þar er lögð áhersla á þau meginmarkmið, að „stefnt skuli að fallettri og aðlaðandi byggð með góðri byggingarlist sem m. a. felst í viðeigandi húsgerðum, innbyrðis samræmi og góðri aðlögun að eldri byggð og umhverfi.“ Nefndin leggur áherslu á að vísað verði í framangreind ákvæði í greinargerð með deiliskipulaginu.

Afstaða framkvæmdaraðila (Landsvirkjunar) og sveitarstjórnar gagnvart þessu skilyrði er óbreytt og er eins og kom fram í greinargerð deiliskipulagsins:

„Landsvirkjun vill benda á að niðurgrafnar gufulagnir valda talsvert meira yfirborðsraski en hefðbundnar lagnir á steypum undirstöðum ofanjarðar. Vegna varmapenslu þarf að leggja lögnina í hlykkjum og má búast við að þeir verði um 20 m á um 300 m fresti. Verði lögn lögð í jörðu verður heildarutanmál hennar um 1100 mm. Hver breidd skurðar á yfirborði er háður jarðlögum, sem grafið verður í en búast má við að skurður verði á bilinu 3 – 6 m, að auki um 4 m breið vegslóð meðfram skurði. Gera má ráð fyrir að raskað svæði á yfirborði yrði um 10 m. Lögn í jörðu þarf að grafa í hlykkjum sem eru áætlaðir 12 m á 75 m fresti. Ef lögn er lögð í jörðu þarf ný lögn að liggja nokkuð frá þeirri sem fyrir er þannig að gera verður ráð fyrir nánast tvöföldun í jarðraski. Hins vegar er hægt að draga mjög úr sýnileika gufulagna með því að leggja þær um svæði sem þegar hefur verið raskað, svo sem meðfram samgöngumannvirkjum sem þegar eru fyrir hendi. Til annarra mótvægisáðgerða er einnig hægt að grípa til að minnka sjónræn áhrif s.s. landmótunar (torsýnileg lögn), efnisvali, lita- og gljástigsvali og gróðri meðfram lagnaleiðum. Rekstur niðurgrafinna lagna er að ýmsu leyti erfiðari en lagna á yfirborði. t.d. getur reynst erfitt að finna skemmd eða leka. Kostnaður

	<p>við niðurgrafnar gufulagnir er töluvert meiri en hefðbundinna laga. Þá er það reynsla Landsvirkjunar í öðrum sambærilegum verkum að ósk hafi komið frá sveitarfélaginu um að hafa ekki gufulagnir niðurgrafnar þar sem um meira jarðrask hafi verið að ræða. Áhrif á landslag og sjónrænir þættir vegna jarðlagna fara þó iðulega eftir því hvort farið er um hraun, gróin svæði eða sanda. Í sumum tilvikum getur verið nánast ómögulegt að sjá eftir frágang hvar jarðlögn liggur grafin og er því hægt að tala um að þau séu afturkræf. Við gufulagnir í jörð raskast jarðvegur alla leið lagnarinnar. Jafnframt getur það verið talsvert jarðrask í kring ef gera þarf við lögn í jörð. Því telur Landsvirkjun að skoða þurfi vel staðhætti á hverjum stað hvort fýsilegt sé að grafa lagnir niður, og að lagnir verði ekki niðurgrafnar nema brýna nauðsyn beri til s.s. til að þvera undir vegi”.</p>
--	--

<p>Jarðmyndanir: Fimm af átta borsvæðum sem skilgreind eru í deiliskipulaginu eru á öröskuðum svæðum og hluti lagna og vegslóða mun einnig liggja yfir eldhraun, sbr. kafla 11.4.3 í umhverfisskýrslu.</p>	
<p>Athugasemdir Skipulagsstofnunar:</p>	<p>Viðbrögð skipulagsnefndar og Landsvirkjunar</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Skipulagstofnun telur æskilegt að marka stefnu um áfangaskiptingu framkvæmda í deiliskipulaginu með hliðsjón af umfangi skipulagssvæðisins og neikvæðum áhrifum á jarðmyndanir og landslag og óvissu um áhrif á jarðhitakerfið, sbr. grein 5.3.2.20 í skipulagsreglugerð. 	<p>Fjallað var um val á borteigum í mati á umhverfisáhrifum og komu þá fram svipaðar athugasemdir sem voru rökstuddar á þeim tíma ásamt niðurstöðum og þær má nálgast á vef Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. Það er ekki á áætlun Landsvirkjunar að nýta alla borteigana ef ekki reynist þörf á því. Við val á staðsetningu borsvæða er byggt á jarðhitarannsóknnum á svæðinu, fyrri borunum, en auk þess leita sérfræðingar innan Landsvirkjunar einnig áhlits utanaðkomandi sérfræðinga. Við vinnu að deiliskipulagi hefur Landsvirkjun ávallt haft þann háttinn á að leita til sérfróðra aðila ef álitamál um sjálfar framkvæmdirnar koma upp og vinna í sátt við sveitarfélagið og aðra opinbera aðila sem hafa lögbundinna hagsmuna að gæta.</p> <p>Í athugasemdarferli s.l. sumar komu fram svipaðar athugasemdir frá Landvernd. Í svarbréfi Skútustaðahrepps kom eftirfarandi fram með þessu svari og var settur inn nýr texti í greinargerð og henni breytt í kjölfarið : “10.4.6 bætt við aftast í kaflann setningunni</p>

	<p>„Framkvæmdaraðili skal leita leiða til að takmarka fjölda borsvæða á óröskuðu landi eins og kostur er.“</p> <p>10.5.1.1 bætt við aftast í kaflann</p> <p>„Framkvæmdaraðili skal hafa það að leiðarljósi að takmarka sjónræn áhrif og áhersla verði lögð á afturkræfni virkjunarframkvæmda eins og kostur er og reynt verði að leggja lagnir um þegar röskuð svæði.“</p> <p>Niðurstaða: Landsvirkjun og skipulags- og um hverfisnefnd telja að með þessum breytingum hafi verið komið til móts við ofangreindar óskir.</p>
<p>Loft: Fram kemur í kafla 11.4.6 í umhverfisskýrslu að ef styrkur brennisteinsvetnis mælist yfir heilsuverndarmörk í Reykjahlíð „verði gripið til aðgerða til mótvægis, til dæmis hreinsunar á útblæstri í Kröfluvirkjun“.</p>	
<p>Athugasemdir Skipulagsstofnunar:</p>	<p>Viðbrögð skipulagsnefndar og Landsvirkjunar</p>
<ul style="list-style-type: none"> Setja þarf þetta skilyrði inn í skilmála deiliskipulagsins, nánar tiltekið kafla 10.11.4 en orðalag kaflans um „viðeigandi aðgerðir“ er of óljóst. Skýrt ætti að vera að ef brennisteinsvetni mælist yfir heilsuverndarmörkum skuli settur upp hreinsibúnaður vegna útblásturs Kröfluvirkjunar, sbr. einnig skilyrði fyrir leyfisveitingum úr álitum Skipulagsstofnunar. 	<p>Fjölmargar aðferðir eru þekktar til að minnka styrk brennisteinsvetnis í útblæstri jarðvarmavirkjana. Landsvirkjun tekur þátt í stóru rannsóknarverkefni ásamt Orkuveitu Reykjavíkur og HS-Orku þar sem leitast er við að finna hentugustu aðferðina við hreinsun brennisteinsvetnis úr útblæstri jarðvarmavirkjana. Helst er horft til þess að dæla brennisteinsvetni aftur ofan í jarðhitageyminn með niðurdælingarvatni og skila því aftur þangað þaðan sem það kom. Tilraunir með slíka aðferð standa yfir á Hellisheiði (Sulfix verkefnið) og lofa fyrstu tilraunir góðu en tíma tekur að fá niðurstöður og verkefnið mun taka nokkur ár.</p> <p>Í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, er kveðið á um að endurskoða skuli starfsleyfi m.a. ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi. Vegna breytinga á laga- og reglugerðumhverfi hefur Landsvirkjun hafið umsóknarferli um að sækja um endurskoðun á starfsleyfi Kröflustöðvar. Í gildi er starfsleyfi fyrir Kröflustöð dagsett 13. október 2008 sem gildir til 2018. Rétt er að benda á að sækja þarf um starfsleyfi vegna fyrirhugaðrar virkjunar og við umsókn þarf að uppfylla þau skilyrði sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Eystra og Umhverfisstofnun setja og er í samræmi við lög og reglugerðir þar að lútandi. Leyfi eru ekki útgefin nema að</p>

	<p>uppfylltum starfskilyrðum vegna mengunarvarna fyrir virkjanir og því er starfsleyfisferlið talinn viðeigandi vettvangur til að uppfylla þær kröfur nánar. Landsvirkjun tryggir að öllum lagalegum kröfum á sviði umhverfismála sé fullnægt og setur sér strangari kröfur eftir því sem við á. Lögð er rík áhersla á að þekkja umhverfispætti starfseminnar og draga úr þeim eftir megni. Til að ná sífellt betri árangri eru þýðingarmiklir umhverfispættir vaktaðir og stöðugt er unnið að úrbótum. Skipulags- og umhverfisnefnd leggur mikla áherslu á að allir helstu umhverfispættir séu vaktaðir bæði fyrir og eftir að ráðist verði í virkjunarframkvæmdir svo hægt verði að bregðast við óæskilegum breytingum á viðunandi hátt ef ekki tekst að standa við þau umhverfisviðmið sem lög og reglugerðir kveða á um. Landsvirkjun leggur mikla áherslu á að nýta orkulindir með sjálfbærum hætti, með tilliti til áhrifa á efnahag, samfélag og umhverfi. Viðkvæm jarðhitasvæði er nauðsynlegt að byggja upp í þrepum og gefa því tíma til þess að bregðast við nýtingu. Landsvirkjun leggur áherslu á að efla samráð og samstarf við hagsmunaaðila á svæðum þar sem uppbygging er fyrirhuguð og tryggja sem besta sátt um ný verkefni.</p>
--	---

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún staðfesti svör og rökstuðning Landsvirkjunar og nefndarinnar við athugasemdum Skipulagsstofnunar og að hún samþykki að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að sjá til þess, í samráði við Landsvirkjun, að gerðar verði viðeigandi breytingar og endurbætur á greinargerð deiliskipulagsins samkvæmt þeim niðurstöðum sem vísað er til hér að framan.

3. Deiliskipulag þéttbýlis Reykjahlíðar. Tillaga að deiliskipulagi.

S20120204

Tekið fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi þéttbýlis Reykjahlíðar. Málið var áður á dagskrá nefndarinnar á 31. og 33.fundum hennar 17. september og 11. nóvember 2013.

Ný endurskoðuð deiliskipulagstillaga ásamt greinargerð frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf. var tekin fyrir á 33. fundi þar sem brugðist hafði verið við sjónarmiðum nefndarinnar sem fram komu þegar tillagan var kynnt á 31. fundi hennar.

Skipulags- og umhverfisnefnd óskaði eftir að gerðar yrðu ákveðnar breytingar á tillögunni sem hún síðar samþykkti og kynnti fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum, eins og 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um, á almennum kynningarfundum sem haldinn var í Reykjahlíðarskóla 10. desember 2013.

Lagðir fram minnispunktar dags. 2. apríl frá Teiknistofu arkitekta, Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf., þar sem óskað er eftir afstöðu skipulags- og umhverfisnefndar til ákveðinna þátta deiliskipulagsins.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkti eftirfarandi áherslur í deiliskipulagsgerðinni á fundi sínum 7. apríl s.l.:

1. Lóð Samkaupa og byggingarreitur verði stækkuð til austurs að Helluhrauni. Innan reitsins verði heimilt að byggja annað hvort eina samfellda verslunar- og þjónustumiðstöð í tengslum við núverandi verslun eða viðbyggingu og staka verslunar- og þjónustubyggingu. Gerður verði fyrirvari í deiliskipulagi um legu Sauðahellis sem liggur fyrir að kortleggja nú í sumar.
2. Á deiliskipulagstillögu sem verið er að vinna fyrir Reykjahlíð, jörð umhverfis Hótel Reynihlíð og Gamalbæinn er gert ráð fyrir aðkomu hópferðabifreiða og þjónustustarfsemi.
3. Taka út byggingarreit á Hraunvegi 2-4.
4. Ákvörðun um þekkingarsetur verði látin bíða þar til nánari forsendur liggja fyrir.
5. Ekki verði gerðar neinar breytingar á byggingarreitum norðan Hlíðavegar þó með fyrirvara um legu Hvíthellis.

Þá óskaði nefndin eftir því við skipulagsráðgjafana að lögð yrði fram endanleg deiliskipulagstillaga fyrir fund nefndarinnar 5. maí.

Lögð fram ný endurskoðuð deiliskipulagstillaga ásamt greinargerð frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum dags. 28. apríl 2014.

Skipulags- og umhverfisnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að koma athugasemdum nefndarinnar, sem ræddar voru á fundinum, á framfæri við skipulagshöfunda og í framhaldi af því leggur nefndin til við sveitarstjórn að hún samþykki deiliskipulagstillöguna svo breytta til auglýsingar samhliða aðalskipulagsbreytingu í Reykjahlíð þegar sú tillaga liggur fyrir til auglýsingar. Jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að annast málsmeðferð vegna auglýsinganna eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

4. Drekgil. Stofnun lóðar.

S20121002

Erindi dags 9. apríl 2014 frá forsætisráðuneytinu þar sem sótt er um að stofnuð verði lóð fyrir landvarðarhús við Drekgili í Skútustaðahreppi. Fylgigögn með umsókn eru útfyllt eyðublað nr. F-550 frá Þjóðskrá og hnitsettur lóðaruppdráttur dags. 1. júlí 2013 frá Eflu verkfræðistofu.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að stofna lóðina í fasteignaskrá Þjóðskrár.

5. Björk, Mývatnssveit. Stofnun lóðar.
S20140403

Erindi dags. 4. apríl 2014 frá Þórhalli Kristjánssyni, Björk, Mývatnssveit, þar sem hann sækir um að stofnuð verði ný lóð undir starfsmanna hús í landi Bjarkar. Fylgigögn með umsókn eru útfyllt eyðublað F-550 um stofnun fasteigna í fasteignaskrá Þjóðskrár og hnitsettur lóðaruppdráttur dags. 17. október 2011 frá Búgarði.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að stofna lóðina í fasteignaskrá Þjóðskrár.

6. Litlaströnd. Stækkun á skógræktarsvæði.
S20120403

Erindi dags 11. apríl 2014 frá Raket Jónsdóttur, Norðurlandsskógum, þar sem óskað er eftir umsögn skipulags- og umhverfisnefndar um fyrirhugaða stækkun á skógræktarsamningssvæði Litlustrandar í Skútustaðahreppi, sem er í eigu Birgis Steingrímssonar. Samningurinn er milli Norðurlandsskóga og Birgis. Á meðfylgjandi korti er sýnt núverandi skógræktarsvæði, 58 ha, og fyrirhuguð stækkun um 90 ha. Spurst er fyrir um hvort stækkunin samræmist skipulagi sveitarfélagsins og hvort einhverjar athugasemdir séu við fyrirhugaða stækkun. Birgir Steingrímsson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Með vísan í greinargerð með Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 eru skógræktarsvæði ekki skilgreind sérstaklega á skipulagsuppdrætti en skipulags-áætlunin gerir bæði ráð fyrir skógrækt sem atvinnugrein á hefðbundnum landbúnaðar-svæðum og til skjóls, landbóta og útivistar. Þó skal miðað við að gott landbúnaðar-land verði áfram nýtt fyrir hefðbundinn landbúnað og matvælaframleiðslu. Á góðu landbúnaðarlandi er fyrst og fremst miðað við að stunda skógrækt og skjólbeltarækt til að skýla ræktun og búpeningi. Stefnt er að því að rækta ekki skóg á því landi sem best hentar til búvöruframleiðslu.

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 skal tilkynna nýræktun skóga sem taka yfir 200 ha eða stærra svæði til Skipulagsstofnunar, sem ákvarðar matsskyldu framkvæmdanna sbr. 3. viðauka laganna. **Samkvæmt lögnum er öll skógrækt á verndarsvæðum einnig tilkynningarskyld framkvæmd og gildir það um verndarsvæði Mývatns og Laxár.** (Hluti svæðisins lendir innan marka verndarsvæðisins) Skógrækt á verndarsvæðinu er háð leyfi Umhverfis-stofnunar samkvæmt 3. gr. laga nr. 97/2004. Samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þarf leyfi Umhverfisstofnunar þar sem hætta er á að spillt verði frið-lýstum náttúruminum, t.d. með skógrækt. Að auki skal leita umsagnar Umhverfis-stofnunar þar sem hætta er á að öðrum náttúruminum á náttúruminjasrá verði spillt.

Umsækjanda er bent á að sækja þarf um framkvæmdaleyfi með tilheyrandi upplýsingum til sveitarfélagsins vegna umræddra skógræktaráforma.

Fundi slitið